

Fundargerð stjórnar 18. mars 2013

ÆSKP Auka-fundur varðandi Easter Course.

Fundinn sóttu: Þórunn Harðardóttir, Rakel Brynjólfsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Steinunn Anna Baldvinsdóttir og Sigurvin L. Jónsson.
Framkvæmdastjóri Sigríður Rún Tryggvadóttir sat fundinn.

1. Verkefni Easter Course.

Undirbúningur er langt kominn og Þórunn og Rakel eru í daglegum samskiptum við undirbúningsnefndina í gegnum netið. Erlendir þátttakendur eru 38 talsins.

2. Ferðakostnaður þátttakenda.

Rætt var um vandann sem snýr að því að sækja þátttakendur en þeir koma í 3 hópum. Verið er að leita tilboða við rútufyrirtæki fyrir stærsta hópinn sem kemur, Þórunn og Guðmundur sækja minni hópana.

3. Fjárhagsáætlun EC

Aðalfundur EF – Þórunn sækir 100.000,-
Vaktu með Kristi – þátttökugjald þátttakenda 50.000,-
Launakostnaður 100.000,-
Annar kostnaður EC 100.000,-

Alls 350.000,-

Komnar eru fram óskir um sérþæði en 6 manneskjur hafa beðið um sérþæði, 3 með grænmetisþæði og 3 með óþol fyrir mjólk og eða glúteni.

Kostnaður við sérmatarræði eykur kostnað við mat á EC en gert er ráð fyrir mjög takmörkuðu fé í mat.

4. Easter Course hefst formlega með kvöldverði á Pálmásunnudag kl. 18.00 í skátaheimilinu Hraunbúum í hafnafirði og óskað er eftir að stjórn ÆSKP verði verði viðstödd.

5. Viðburður á vegum Easter Course, EasterVision er Júróvisjón hátíð og hæfileikakeppni, sem þátttakendur á námskeiðinu taka þátt í. Þetta er haldið í hraunbúum miðvikudagskvöldið 27. mars kl. 20.00-22.00. Stjórn ÆSKP er hvött til að mæta og jafnvel koma með skemmtiatriði.
6. Lokaviðburður EC er hátíð sem hefst kl. 20, laugardaginn 30. mars í Hraunbúum. Stjórnin er eindregið hvött til að mæta á hana og kveðja þátttakendur.
7. Rætt var um auglýsingar fyrir Vaktu með Kristi. Tölvupóstar á æskulýðsleiðtogalistann eru ekki að skila sér, v.þ.a. það eru ekki allir skráðir og ungu leiðtogarnir skoða ekki póstinn reglulega. Rætt að fá aðgang til að bæta fólki á listann sjálf. Leiðtogagrúbbu ÆSKR var rænt af framkvæmdastjóra undir auglýsingar og ÆSKR hefur orðað að hann verði sameiginlegur.
8. Haft var samband við Árna Svan og hann beðinn um að koma inn í kynningarmál með okkur. Við viljum gjarnan fá sem mesta fjölmiðlaumfjöllun á meðan á Easter Course stendur. Þórunn mun hafa samband við Fjarðarpóstinn.
9. Rætt var um að hafa samband við þjónustumiðstöð í Breiðholti með að fá ungmenni af erlendu bergi til að taka þátt í Breiðholts verkefninu. Sigríður ætlar að kanna hvernig landið liggur þar.
10. Verið er að leita tilboða og styrkja á mat fyrir námskeiðið.
11. Eldhústeymið.
- Búið er að manna ca helming af teyminu en það vantar fólk í að elda og ganga frá.
- Lau: Steinunn og Kristján
Sun: Steinunn og Kristján
Mán: Steinunn og Kristján
Þri: Steinunn og Kristján
Mið: Steinunn og Kristján
Fim: Guðmundur Karl með morgunmat.
Fös: Vantar í hádegi og kvöldmat
Lau: Vantar í morgunmar, hádegi og kvöldmat
Sun: Vantar í morgunmat

12. Rætt var um 4 þátttakendur sem ætla að vera lengur en þegar EC lýkur eru þau á eigin vegum. Piff.

Fundur slitið kl. 18.38 PM.